

Fundur í umhverfisnefnd 20. maí 2011

Mætt: Laufey, Hafsteinn, Unnur, Katrín Anna, Ólafur, Rut, Gísli Baldur, Brynjar og Logi.

Rætt var um “*Dag umhverfisins*” þegar farið var út á ýmsa staði í kringum Nesið. Flestir árgangar fóru í útikennslu þann dag, enda það áhersluatriði þetta árið. Nemendur í Valhúsakóla virtust þó ekki hafa tekið þátt í að halda upp á daginn að þessu sinni. Þetta þarf að bæta og nemendur í umhverfisnefndinni beðnir um að leita eftir hugmyndum frá nemendum í Valhúsaskóla um verkefni á þessum degi.

Rætt var um áhersluþættina okkar:

- flokkun
- útikennslu
- draga úr umferð við skólana/Göngum í skólann

Logi, sem er í 10. bekk, lætur augljóslega af störfum í nefndinni nú í vor. Honum voru þökkun vel unnin störf í nefndinni. Aðrir gefa kost á sér áfram.

Fundi slitið.